

# Parsamband, kynlíf og myndun fjölskyldu - viðhorf háskólanemenda

Freydís Jóna  
Freysteinsdóttir

Sigurgrímur Skúlason



David Knox

**Freydís Jóna Freysteinsdóttir, félagsráðgjafi MSW, PhD,  
dósent við Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands**

**Sigurgrímur Skúlason, PhD, sviðsstjóri hjá Námsmatsstofnun,  
aðjúnt við sálfræðideild Háskóla Íslands**

**David Knox, prófessor við East Carolina University**

## Útdráttur

Í þessari rannsókn var leitast við að kanna viðhorf háskólanemenda til kynlifs og sambanda. Um spurningalistakönnun var að ræða (N=661) og voru spurningalistar órekjanlegir. Hlutfallslega fleiri konur tóku þátt en karlar. Niðurstöður sýndu að þeir sem voru í sambúð mátu sig hamingjusamari en þeir sem voru einhleypir. Ekki var munur á hamingju þeirra sem voru í óvígðri eða óvígðri sambúð. Konur höfðu meiri væntingar um skuldbindingu í sambandi heldur en karlar, jafnframt var sterkari skuldbinding meðal eldri þátttakenda. Eftir því sem rómantík og trú var meiri, því meiri skuldbindingu var um að ræða meðal kvenna. Yngri þátttakendur höfðu fjárlslyndari viðhorf til kynlifs en eldri en kyn reyndist ekki hafa marktæk áhrif. Þátttakendur sem voru mjög trúáðir höfðu síður verið í óvígðri sambúð og vildu frekar gifta sig en þátttakendur sem voru lítt trúáðir.

**Lykilord:** viðhorf, kynlíf, sambönd, skuldbinding.

## Abstract

In this study, the attitudes of university students were explored regarding sex and relationships. The university students answered untraceable questionnaires (N=661). A higher ratio of women participated than men. The results showed more happiness among those who were cohabiting or married, than among those who were single, but no difference between those who were cohabiting and those who were married. Women had more expectations regarding commitment in their relationship than men and those who were older showed more commitment than those who were younger. Higher level of romance and religious attitudes were related to higher expectations of commitment, especially among women. Younger participants had more liberal attitudes towards sex than older participants. However, there were no effects of gender on that variable. Participants with strong religious beliefs were less likely to have had been cohabiting without being married and they had greater expectations of getting married than participants who were less religious.

**Key words:** attitudes, sex, relationships, commitment.

## Tengsl, kynlíf og sambúðarform

Meiri hefð hefur verið fyrir því að pör búa saman í óvígðri sambúð hér á landi en víða annars staðar. Um er að ræða gamla norræna hefð sem hefur viðhaldist í gegnum tíðina (Trost, 1978). Þessi hefð er ólík þeirri hefð sem hefur verið ríkjandi í Bandaríkkjunum, en þar hefur tíðkast að brúðkaup sé lykillinn að sambúð para. Þessi hefð er þó á undanhaldi og hefur tíðni óvígðrar sambúðar verið að aukast þar undanfarin ár (Bumpass og Lu, 2000; Guzzo, 2006). Óvígð sambúð getur verið forstig vígðrar sambúðar eða sérstakt varanlegt sambúðarform (Guzzo, 2006; Smock, 2000) sem fólk velur fremur en að vera einhleypt (Manning og Smock, 2005). Rannsókn Kline og félaga (2004) sýndi að pör (18–45 ára) sem eru í óvígðri sambúð og hafa ekki í hyggju að ganga í hjónaband upplifa minni gæði í sambandinu og eru óánægðari en pör sem eru í sambúð og hafa plön um að giftast. Rannsókn Evans og Kelly (2004) sýndi að einstaklingar sem eru giftir eru ánægðari en einstaklingar sem búa við annað fyrirkomulag, jafnvel eftir að búa er að taka tillit til hamingju þeirra fyrir núverandi ljúskaparstöðu. Einstaklingarnir í þessari rannsókn voru á breiðu aldursibili. Þá sýndi önnur rannsókn að þeir sem voru á miðjum aldri og voru í sambúð (yfirleitt vígðri) upplifðu tilfinningatengsl og kynferðisleg tengsl við makann sem mjög eða verulega ánægjuleg (Carpenter, Nathanson og Kim, 2006). Rannsókn Evans og Kelly (2004) sýndi jafnframt að þeir sem lifa í sama hjónabandi til æviloka eru ánægðastir.

Athyglisvert er að þeir sem eru trúhneigðir eru líklegri til að hafa neikvæð viðhorf gagnvart óvígðri



sambúð (Willoughby og Carroll, 2012). Meiri líkur eru á að óvígð sambúð endi með sambandsslitum en vígð sambúð (Axinn og Thornton, 1992; Dush, Cohan og Amato, 2003; Heaton, 2002). Hugsanlega leiða lág gæði sambúðar til þess að fólk hafi síður hug á að ganga í hjónaband og því aukast líkur á sambandsslitum.

Sjá má tengsl milli hjúskaparstöðu annars vegar og viðhorfa til kynlifs og kynlifshegðunar hins vegar. Rannsóknir hafa sýnt að ungt fólk sem hefur frjálslegar hugmyndir varðandi kynlíf er líklegra til að vera í óvígðri sambúð en í vígðri (Knox, Zusman, Snell og Cooper, 1999; Willoughby og Carroll, 2012). Rannsókn Carpenter og fleiri (2006) sýndi að karlar sem voru ekki í sambúð voru líklegrir til að stunda kynlíf en konur sem ekki voru í sambúð og einnig til að stunda kynlíf með fleiri en einum aðila. Þátttakendur í þeirri rannsókn voru á aldrinum 40–59 ára. Fleiri rannsóknir þar sem þátttakendur eru ungt fólk sýna að viðhorf karla til kynlifs séu frjálslyndari en kvenna (Higgins, Zheng, Liu og Chun, 2002; Willoughby og Carroll, 2012). Þeir sem telja að ekki eigi að iðka kynlíf fyrir hjónaband og heldur ekki ef ást er ekki til staðar, eru eins og gefur að skilja ekki eins líklegir til að stunda kynlíf ef þeir eru einhleypir (Carpenter o.fl., 2006).

Svo virðist sem ungar konur tengi kynlíf frekar tilfinningalegri upplifun, s.s. rómantík og ást miðað við unga karla. Ungir karlar virðast fremur gera greinarmun á slíkum tilfinningum og líkamlegri ánægju af kynlifi. Því virðast ungar konur fremur gera sér vonir um að kynlíf leiði til langtímaskuldbindingar í formi hjónabands en ungar karlar (Guggino og Ponzetti, 1997).

Menning virðist hafa áhrif á viðhorf ungs fólks til kynlifs og hjónabanda og virðist hún sterkari áhrifaþáttur en kyn og ná einnig til fleiri skyldra þátta svo sem hlutverka kynjamanna (Higgins o.fl., 2002). Búseta virðist einnig skipta máli. Rannsókn Kefalas, Furstenberg, Carr og Napolitano (2011) sýndi að ungt fólk sem bjó í dreifbýli var líklegra til að sjá fyrir sér að það gengi í hjónaband en fólk sem bjó í þéttbýli. Ungt fólk sem bjó í dreifbýli sá hjónabandið sem hluta af eðlilegu lífsferli. Hins vegar voru þeir sem bjuggu í þéttbýli líklegrir til að sjá hjónaband sem möguleika í framtíðinni, ef þeir teldu sig vera búna að finna heppilegan maka eftir að hafa náð persónulegum og faglegum markmiðum (Kefalas o.fl., 2011).

Þar sem flest ungt fólk er ekki tilbúið til þess að binda sig eins fljótt við framtíðarmaka í formi hjónabands, eins og áður tíðkaðist (Bumpass og Lu, 2000; Willoughby og Dworkin, 2009) virðist vera meira um að ungt fólk eigi vini sem það stundar kynlíf með, svo-

kallaða „vini með aukabónus“ (e. *friends with benefits*). Í slíkum samböndum er ekki um skuldbindingu að ræða og ekki er ætlunin að rómantískar tilfinningar séu fyrir hendi, þó þær geti mögulega þróast í slíkum samböndum. Megintilgangurinn hins vegar með samböndum af þessu tagi, virðist vera að geta stundað kynlíf öruggu umhverfi (Karlsen og Træen, 2012).

### Kynlíf og sambond ungs fólks

Þegar kynlíf meðal unglings og ungmenna er stundað, er algengt samkvæmt rannsókn Akers og félaga (2011) að það feli í sér djúpa kossa og káf á brjóstum og kynfærum. Minna er um munnmök, en 13% stúknanna höfðu veitt munnmök og 31% höfðu þegið munnmök. Endaþarmsmök voru fátið en 6% stúknna höfðu stundad slík mök. Önnur rannsókn sýndi að fáir en nokkuð hærra hlutfall unglings af báðum kynjum höfðu haft endaþarmsmök eða tæplega 10% (Haydon Herring, Prinstein og Halpern, 2012).

Í rannsókn sem gerð var á Íslandi meðal ungmenna sem voru á tvítugsaldri kom fram að flest þeirra bjuggu hjá forsjáraðilum sínum og höfðu ekki stofnað til eigin fjölskyldu. Líttill hluti þeirra bjó með kærustu eða kærasta á heimili foreldra og líttill hluti bjó sjálfstætt. Flest ungmannana í rannsókninni höfðu fyrirætlanir um að stofna fjölskyldu og var algengast að þau teldu fjölskyldumyndun æskilega um 25 ára aldurinn og hafði yfir 80% svarenda hugsað sér að eignast eitt eða fleiri börn. Ástæður barneigna voru meðal annars að þær hefðu tilfinningalegt gildi og að barneignir gæfu lífinu tilgang (Sigrún Júlíusdóttir, 2006). Umgenni hér á landi hafa þó lítið verið spurð út í viðhorf og hegðun er varðar kynlíf en það er meðal þess sem kannað var í þessari rannsókn.

Eftirfarandi tilgátur voru settar fram:

- 1) Þeir sem eru í sambandi eru hamingjusamari en þeir sem eru óbundnir
- 2) Þeir sem eru giftir eru hamingjusamari en þeir sem eru í sambandi eða í sambúð
- 3) Viðhorf ungmenna endurspeglar minni skuldbindingu til sambanda en viðhorf eldri þáttakenda
- 4) Konur eru líklegrir til að vilja meiri skuldbindingu í samböndum en karlar
- 5) Konur eru líklegrir til að hafa rómantísk viðhorf en karlar
- 6) Karlar hafa frjálslyndari viðhorf gagnvart kynlífí en konur
- 7) Yngra fólk er frjálslyndara gagnvart kynlífí en eldra fólk

- 8) Ungmenni eru líklegri til að hafa verið í kynferðislegu sambandi með vini sínum en eldra fólk
- 9) Þeir sem eru mjög trúðir eru líklegri til að hafa neikvæð viðhorf gagnvart óvígðri sambúð

## Aðferð

### Þáttakendur

Alls svoruðu 661 háskólanemar á aldrinum 18 til 40 ára spurningalisti sem var sendur á nemendur við Háskóla Íslands á vormisseri 2013. Ein ítrekun var send til nemenda. Ekki var veitt umbun fyrir þátttöku. Konur tóku í ríkari mæli þátt í öllum aldursbilum. Kynjaskipting þáttakenda var ójöfn, 510 (77,2%) konur og 151 karl (22,8%). Til samanburðar eru 68% nemenda háskólans konur. Meðalaldur kvenna var 25,7 ár, staðalfrávik 5,7 ár og meðalaldur karla 24,9 ár, staðalfrávik 4,9 ár. Tæplega 60% þáttakenda voru í föstu sambandi eða hjónabandi, rúmlega 24% höfðu ekki verið í neinu sambandi og rúmlega 15% voru af og til að hitta einhvern eða í tilfinningalegu sambandi.

### Mælitaeki

Spurningalisti sem fóll í sér 100 spurningar um viðhorf til kynlífs, hjónabands og fjölskyldu var notaður í rannsókninni. Spurningalistinn var hannaður af einum höfundi þessarar greinar, David Knox. Hann var þýddur af tveimur aðilum, meistaranemanda í félagsráðgjöf og aðila með BA-gráðu í ensku. Þriðji aðili (einn af íslenskum höfundum þessarar greinar) fór yfir allar spurningar og skar úr um niðurstöðu, ef ósamræmi var í þýðingum. Listinn var einnig staðfærður í þessu ferli. Listinn var forþrófaður meðal fimm ungmenna. Á listanum var spurt um lýðfræðilegan bakgrunn þáttakenda, s.s. aldur, kyn og hjúskaparstöðu. Spurt var m.a. um kynhegðun, trú, kynhneigð, reynslu af kynlifi og viðhorf til hjónabands.

### Sjófræði

Spurningalistinn var ekki rekjanlegur til einstakra þáttakenda og kom það fram í kynningu á spurningalistanum. Þrátt fyrir að um nokkuð næргöngular spurningar væri að ræða, gátu þáttakendur svarað þeim í þeirra vissu að um fullkominn trúnað væri að ræða. Rannsóknin var tilkynnt til Persónuverndar og var einnig fengið leyfi fyrir framkvæmd hennar hjá Háskóla Íslands.

### Niðurstöður

#### Hamingja og sambúðarform

Tvær af tilgátum lulu að tengslum milli sambúðarforms

og hamingju sem fólk upplifði. Þetta var mælt annarsvegar með spurningu er laut að því hversu hamingjusamur þáttakandi var og hinsvegar spurningu um hversu hamingjusamur þáttakandi var í núverandi sambandi. Báðar spurningarnar höfðu tíu punkta svarkvarða þar sem lægsti og hæsti svarmöguleiki voru merktir með orðagildum, „mjög óhamingjusamur“ við lægsta svarmöguleika og „mjög hamingjusamur“ við hæsta svarmöguleika. Niðurstöður voru greindar með dreifgreiningu með samdreifibreytu (*e. Analysis of covariance*) þar sem sambúðarform var frumbreyta en áhrif aldurs og kyns voru tekin út. Heildaráhrif líkans reyndust marktæk,  $F = 18,670$   $_{5, 647}$ ,  $p\text{-gildi} = 0,000$ . Báðar samfylgnibreytur höfðu marktæk tengsl við mat einstaklinga á hamingju sinni, fyrir aldur var  $F = 5,585$   $_{1, 647}$ ,  $p\text{-gildi} = 0,018$  og fyrir kyn var  $F = 11,437$   $_{1, 647}$ ,  $p\text{-gildi} = 0,001$ . Eftir leiðréttingu fyrir samfylgnibreytur var áhrif af sambúðarformi marktæk,  $F = 21,076$   $_{3, 647}$ ,  $p\text{-gildi} = 0,000$  og styrkur tengslanna reyndist eta<sup>2</sup> = 0,090. Eftirfylgnipróf sýndu að þeir sem voru í sambandi eða tilfinningalegum tengslum við aðra manneskju mátu sig hamingjusamari en þeir sem ekki voru í sambandi eða tengslum. Síðari spurningin er laut að hamingju afmarkaðist við þáttakendur sem voru í sambandi. Svör þáttakenda sem voru í sambúð og þeirra sem voru giftir voru greind með sama hætti og almenna spurningin um hamingju. Ekki reyndist munur á hamingju þáttakenda eftir sambúðarformi,  $F = 0,914$   $_{1, 377}$ ,  $p\text{-gildi} = 0,340$  og eta<sup>2</sup> = 0,002, sem þýðir að þáttakendur meta sig álfka hamingjusama hvort sem þeir eru í hjónabandi eða í sambúð.

#### Skuldbinding í sambandi

Skuldbinding í sambandi var metin út frá tveimur sjónarhornum. Annarsvegar með spurningum sem lulu að því hvort þáttakendur væru líklegir til að slíta sambandi í aðstæðum sem reyna á samband og hinsvegar því hvort þáttakendum hugnaðist langtíma-skuldbinding með því að ganga í hjónaband. Fimm spurningar lulu því að hve sterk skuldbinding í sambandi væri með atriðum er lulu að því hvort og þá við hvaða aðstæður þáttakandi væri viljugur til að slíta sambandi. Við úrvinnslu var skilgreind sameiginleg undirliggjandi fylgibreyta með staðfestandi þáttagreiningu, áhrif aldurs og kyns á skuldbindingu voru síðan könnuð í heildstæðu líkani. Forritið Mplus 7.2 (Muthén og Muthén, 1998–2013) var notað við úrvinnslu. Þáttalíkan fyrir skuldbindingu í sambandi stóðst helstu viðmið um mótgæði staðfestandi þáttalíkana (West, Taylor og Wu, 2012). Grunnlíkan hafði



$kí-kvaðrat = 660,339$ , d.f. = 10,  $p\text{-gildi} = 0,000$ . Líkan fyrir skuldbindingu hafði  $kí-kvaðrat = 22,341$ , d.f. = 5,  $p\text{-gildi} = 0,005$ . Önnur mágildi líkansins voru  $CFI = 0,974$ ,  $TLI = 0,957$ ,  $SRMR = 0,033$ ;  $RMSEA = 0,054$ , 90% ö.m. frá 0,031 til 0, 079. Ávinningur af að skilgreina þáttalíkan fyrir skuldbindingu umfram grunnlíkanið var marktækur,  $kí-kvaðrat = 637,998$ , d.f. = 5,  $p\text{-gildi} = 0,000$ . Áhrif kyns á skuldbindingu reyndust ekki martæk,  $b = -0,027$ , s.e. = 0,094,  $t = -0,290$ ,  $p\text{-gildi} = 0,772$ . Líkanið var því endurmetið með aldri sem einni skýringarbreytu, sem reyndist hafa marktækan betastuðul,  $b = -0,042$  (s.e.=0,007),  $t = 2,281$ ,  $p\text{-gildi} = 0,023$ . Þetta þýður að skuldbinding reyndist sterkari meðal yngri þáttakenda.

Síðari tilgátan sem laut að skuldbindingu í samböndum var að konur væru líklegri til að hafa áhuga á að gifta sig og eignast börn heldur en karlar og þar með til að skuldbinda sig í samböndum. Tvær spurningar lutu að þessu, annarsvegar að vilja giftast og að vilja eignast barn. Bæði atriðin eru tvíkosta og fylgni milli þeirra reyndist vera  $r = 0,27$  hjá körlum og  $r = 0,49$  hjá konum. Áhrif kyns og aldurs á væntingar um að ganga í hjónaband voru prófuð með dreifigreiningu (ANOVA). Heildaráhrif líkans reyndust marktæk,  $F = 4,041$  <sub>5, 625</sub>,  $p\text{-gildi} = 0,000$ . Áhrif kyns á væntingar um að ganga í hjónaband voru marktæk,  $F = 11,587$  <sub>1, 625</sub>,  $p\text{-gildi} = 0,000$ . Áhrif aldurs voru einnig marktæk  $F = 3,352$  <sub>1, 647</sub>,  $p\text{-gildi} = 0,036$ . Samvirkni milli kyns og aldurs var ekki marktæk,  $F = 0,419$  <sub>2, 625</sub>,  $p\text{-gildi} = 0,658$ . Eftir-fylgnipróf sýndu að viðhorf þeirra sem voru á aldrinum 22–30 ára og þeirra sem voru á aldrinum 31–40 ára voru marktækt ólík. Skýringagildi líkans með kyni og aldri sem skýringabreytum var  $R^2 = 0,031$ . Konur hafa meiri áhuga á skuldbindingu en karlar og þeir sem eru 31–40 ára hafa meiri áhuga á skuldbindingu heldur en þeir sem eru á aldrinum 22–30 ára.

### Rómantísk viðhorf

Til að kanna hvort munur væri á kynjum voru tvær spurningar er lutu að rómantískum viðhorfum dregnar saman í stuttan kvarða þar sem þær töldust vera að mæla sama fyrirbærið; „Ef ég væri virkilega ástfangin/n myndi ég giftast manneskjunni þó ég hefði einungis þekkt hana í stuttan tíma“ og „Ég hef upplifað ást við fyrstu sýn“. Meðaltal 148 karla sem svoruðu báðum spurningum var 6,9, s.f. = 2,04 og meðaltal 506 kvenna var 7,3, s.f. = 2,07. Mismunur karla og kvenna, -0,39, reyndist marktækur,  $t = 652 = -2,039$ ,  $p\text{-gildi} = 0,02$ . Rómantísk viðhorf reyndust því sterkari meðal kvenna en karla.

### Frjálslyndi í kynlífi

Frjálslyndi í kynlífi var metið með tvennum hætti, því hvort þáttakendur hefðu tekið þátt í óhefðbundnum kynlífssathöfnum og hvort þáttakendur hefðu átt í kynferðislegu sambandi við vin eða vinkonu. Óhefðbundnar kynlífssathafnir voru metnar með fimm tvíkosta spurningum, þar sem m.a. var spurt um kynlíf með mannesku sem þáttakandi var ekki ástfangin/n af, kynlíf við fyrstu kynni af mannesku, munnmök og endaþarmsmök. Við úrvinnslu var skilgreint þáttalíkan með staðfestandi þáttagreiningu sem endurspeglar þáttöku í þessum athöfnum. Mátgæði fyrir grunnlíkan reyndist vera  $Kí-kvaðrat = 983,174$ , d.f = 10, fyrir mælilíkan af frjálslyndi í kynlífi var  $kí-kvaðrat = 6,272$ , d.f. = 3. Aðrir mótstuðlar styðja að líkanið af frjálslyndi í kynlífi sé í góðu samræmi við gögnin,  $CFI = 0,997$ ,  $TLI = 0,989$ ,  $SRMR = 0,013$ , og  $RMSEA = 0,041$  með 95% öryggisbili 0,000 til 0,086. Mátgæði líkansins reyndust því fullnægjandi. Því næst voru tengsl kyns og aldurs við þetta líkan metin með aðhvarfsgreiningu. Áhrif aldurs voru fyrst sett inn í líkanið, og reyndist aldur hafa marktæk tengsl við frjálslyndi í kynlífi,  $b = -0,013$ ,  $t = -7,610$ ;  $p\text{-gildi} = 0,000$ ,  $r = 0,286$  ;  $r^2 = 0,082$ . Því næst var áhrifum kyns bætt við, en þau reyndust ekki marktæk,  $b = -0,008$ ,  $t = 0,359$ ;  $p\text{-gildi} = 0,720$ . Þetta þýðir að yngra fólk (18–30 ára) er frjálslyndara í kynlífí í ofangreindum skilningi en eldra fólk (30–40 ára).

Spurningu um hvort þáttakendur hefðu verið í kynferðislegu sambandi við vin eða vinkonu var svarað á fimm punkta kvarða með hlutlausum miðpunktum. Einungis voru notuð svör 649 þáttakenda sem tóku afstöðu, hlutfall karla sem voru sammála því að hafa verið í kynferðislegu sambandi við vinkonu eða vin reyndist vera 69,9% og af konum höfðu 59,9% verið í kynferðislegu sambandi við vin eða vinkonu. Notuð var aðhvarfsgreining fyrir tvíkosta breytur (e. logistic regression), aldur var settur fyrst inn í fyrsta skrefi greiningar, síðan kyn og að síðustu samvirkni aldurs og kyns. Áhrif aldurs reyndust vera marktæk,  $b = -0,036$ , s.e. = 0,016, Wald-próf = 4,725,  $p\text{-gildi} = 0,030$ . Áhrif kyns voru einnig marktæk,  $b = -0,469$ , s.e. = 0,220, Wald-próf = 4,538,  $p\text{-gildi} = 0,033$ . Samvirkni kyns og aldurs reyndist hinsvegar ekki marktæk,  $b = -0,078$ , s.e. = 0,050, Wald-próf = 2,426,  $p\text{-gildi} = 0,119$ . Því voru meiri líkur á að karlar hefðu verið í kynferðislegu sambandi við vin (eða vinkonu) en konur og líkurnar jukust með auknum aldri.

### Trúarviðhorf og sambúð

Tengsl trúarlegra viðhorfa við skuldbindingu í sambandi voru metin út frá spurningum um hve sterk trúarleg viðhorf væru ásamt tvíkosta spurningum um hvort þáttakandi vildi búa í óvígðri sambúð (90,6% svörudu játandi) og hvort þáttakandi hefði búið í óvígðri sambúð (65,4% svöruðu játandi). Þriðja spurningin laut að því hvort þáttakandi vildi ganga í hjónaband. Notaður var 5 punkta kvarði við þá spurningu og var meðaltal = 3,66 og staðalfrávik = 1,24. Niðurstöður um fyrri tvær spurningarnar voru metnar með aðhvarfsgreiningu fyrir tvíkosta gögn (*e. logistic regression*). Fram komu marktæk tengsl milli styrks trúarlegra viðhorfa við spurningu um hvort þáttakandi vildi búa í óvígðri sambúð,  $b = -0,491$ ,  $s.e. = 0,109$ , Wald-próf = 20,327,  $p\text{-gildi} = 0,000$ . Styrkur tengslanna reyndist, Nagelkerke  $R^2 = 0,071$ . Marktæk samvirknii reyndist milli áhrifa af trúarviðhorfum og kyns þáttakenda,  $b = 0,040$ ,  $s.e. = 0,008$ . Einnig komu fram marktæk tengsl milli styrks trúarlegra viðhorfa og þess hvort þáttakandi hefði verið í óvígðri sambúð,  $b = 0,158$ ,  $s.e. = 0,066$ , Wald-próf = 5,678,  $p\text{-gildi} = 0,017$ . Styrkur tengslanna reyndist, Nagelkerke  $R^2 = 0,012$ . Ekki reyndist marktæk samvirknii milli trúarviðhorfa og aldurs,  $b = 0,007$ ,  $s.e. = 0,103$ . Tengsl trúarviðhorfa við það hvort þáttakendur sáu fyrir sér að giftast voru marktæk samkvæmt aðhvarfsgreiningu,  $b = 0,047$ ,  $s.e. = 0,010$ ,  $t = 4,591$ ,  $p\text{-gildi} = 0,000$ . Fylgni milli trúarviðhorfa og væntinga um giftingu reyndist vera 0,18.

### Umraða

Niðurstöður rannsóknarinnar sýndu að þáttakendur sem voru í sambandi mátu hamingju sína meiri en þeir sem ekki voru í sambandi og konur mátu hamingju sína meiri en karlar. Ekki reyndist munur á hamingju þáttakenda eftir því hvort um vígða eða óvígða sambúð var að ræða öfugt við það sem kom fram í rannsókn Kline og félaga (2004). Gæti þar verið um menningarmun að ræða og að fólk hér á landi líti óvígða sambúð sem varanlegra sambúðarform en fólk gerir almennt í Bandaríkjum. Viðhorf kvenna voru jákvæðari til sterkrar hefðbundinnar skuldbindingar með giftingu. Skuldbinding eykst jafnframt með aldry. Gagnasöfnun þessarar rannsóknar tengdist gagnasöfnun í bandarískri rannsókn. Í niðurstöðum á samanburði íslenskra og bandarískra háskólanema (17–19 ára) reyndust bandarískir nemendur hafa jákvæðari viðhorf gagnvart skuldbindingu með giftingu (Freysteinsdóttir, Skúlason, Halligan, og Knox, 2014). Skuldbinding var meiri hér á landi þegar trúarviðhorf voru sterkari. Rómantísk

viðhorf voru sterkari meðal kvenna en karla en ekki kom fram munur eftir aldri.

Yngri þáttakendur (18–30 ára) voru frjálslyndari en eldri (30–40 ára) og óhefðbundnar kynlífsathafnir voru algengari meðal yngri þáttakenda á meðan það að vera í kynferðislegum tengslum við vini var algengara hjá eldri þáttakendum. Þessar niðurstöður eru ekki í samræmi við niðurstöður Karlsen og Træen (2012) sem sýndu að ungt fólk var líklegt til að eiga vini sem það stundaði kynlíf með. Ein takmörkun þessarar rannsóknar er að hún afmarkast við einstaklinga undir 40 ára. Mikilvægt er að frekari rannsóknir nái betur til eldri aldurshópa.

Niðurstöður um frjálslyndi í kynlíf komu að hluta til á óvart. Ekki komu fram tengsl við kyn með þeim hætti sem tilgátur gerðu ráð fyrir, hins vegar kom fram að yngri karlar höfðu meiri reynslu af óhefðbundnum athöfnum, en meðal þáttakenda á aldrinum 31 til 40 ára höfðu konur meiri reynslu af slíkum athöfnum. Hjá þessum aldurshópi voru það einkum það að stunda kynlíf með aðila sem þáttakandi hittir í fyrsta sinn og endaþarmsmök sem voru algengari meðal kvenna.

Mikilvægt er að rannsakað verði frekar viðhorf ungmenna til kynlifs, sambanda og fjölskyldumyndunar hér á landi og þeir þættir sem hafa áhrif á slík viðhorf. Einnig að rannsóknir gefi kost á sjónarhorni sem nái yfir sömu aldurshópa á ólíkum tímabilum. Í þessari rannsókn eru svör einstaklinga á ólíkum aldri borin saman. Mun traustari upplýsingar fást ef könnun sem þessi er lögð fyrir reglulega, svo unnt verði að fylgjast með viðhorfabreytingum hjá árgögum yfir tíma. Einnig myndu slíkar rannsóknir sýna hvort viðhorf árganga breytast eftir því sem þeir eldast.

Mikilvægt innsýn fæst með því að geta metið reynslu og viðhorf milli sambærilegra aldurshópa á ólíkum tímum. Höfundar hafa áhuga á að þróa matslista sem unnt væri að leggja fyrir með ákveðnu árabili til að meta slíka þróun.

### Heimildir

- Akers, Y.A., Gold, M.A., Bost, J.E., Adimora, A.A., Orr, D.P. og Fortenberry, J.D. (2011). Variation in sexual behaviors in a cohort of adolescent females: The role of personal, perceived peer, and perceived family attitudes. *Journal of Adolescent Health*, 48, 87–93.
- Axinn, W.G. og Thornton, A. (1992). The relationship between cohabitation and divorce: Selectivity or causal influence? *Demography*, 29, 357–374.
- Bumbass, L. og Lu, H. (2000). Trends in cohabitation and implications for children's family contexts in the United States. *Population Studies*, 54, 29–41.



- Carpenter, L.M., Nathanson, C.A. og Kim, Y.J. (2006). Sex after 40?: Gender, ageism, and sexual partnering in midlife. *Journal of Aging Studies*, 20, 93–106.
- Dush, C.M., Cohan, C.L. og Amato, P.R. (2003). The relationship between cohabitation and marital quality and stability: Change across cohorts? *Journal of Marriage and Family*, 65, 539–549.
- Evans, M.D.P. og Kelly, J. (2004). Effects of family structure on life satisfaction: Australian evidence. *Social Indicators Research*, 69(3), 303–349.
- Freysteinsdóttir, F.J., Skúlason, S., Halligan, C., og Knox, D. (2014). US and Icelandic college student attitudes towards relationships/sexuality. *College Student Journal*, 48 (3), 355–361.
- Guggino, J.M. og Ponzetti, J.J. (1997). Gender differences in affective reactions to first coitus. *Journal of Adolescence*, 23, 189–200.
- Guzzo, K.B. (2006). How do marriage market conditions affect entrance into cohabitation vs. marriage? *Social Science Research*, 35, 332–335.
- Heaton, T.B. (2002). Factors contributing to the increasing marital stability in the United States. *Journal of Family Issues*, 23, 392–409.
- Heydon, A.A., Herring, A.H., Prinstein, M.J. og Halpern, C.T. (2012). Beyond age at first sex: Patterns of emerging sexual behavior in adolescence and young adulthood. *Journal of Adolescent Health*, 50, 456–463.
- Karlsen, M. og Træen, B. (2012). Identifying “friend’s with benefits” scripts among young adults in the Norwegian cultural context. *Sexuality & Culture, an Interdisciplinary Quarterly*. Sótt 3. júní á: <http://link.springer.com/content/pdf/10.1007%2Fs12119-012-9140-7.pdf>
- Kefalas, M.J., Furstenberg, F.F., Carr, P.J. og Napolitano, L. (2011). “Marriage is more than being together”: The meaning of marriage for young adults. *Journal of Family Issues*, 32, 845–875.
- Kline, G.H., Stanley, S.M., Markman, H.J., Olmos-Gallo, P.A., St. Peter, M., Whitton, S.W. og Prado, L.M. (2004). Timing is everything: Pre-engagement cohabitation and increased risk for poor marital outcomes. *Journal of Family Psychology*, 18, 311–318.
- Knox, D., Zusman, M.E., Snell, S. og Cooper, C. (1999). Characteristics of college students who cohabit. *College Student Journal*, 33, 510–513.
- Manning, W.D. og Smock, P.D. (2005). Measuring and modeling cohabitation: New perspectives from qualitative data. *Journal of Marriage and Family*, 67, 989–1002.
- Muthén, L.K., og Muthén, B.O. (2013). *Mplus user’s guide* (7. útg.). Los Angeles, CA: Muthén & Muthén.
- Sigrún Júlfusdóttir. (2006). Fjölskyldubreytingar, lífsgildi og viðhorf ungs fólks. Í Úlfar Hauksson (ritstj.), *Rannsóknir í félagsvísdum VII* (bls. 211–224).
- Smock, P.J. (2000). Cohabitation in the United States: An appraisal of research themes, findings, and implications. *Annual Review of Sociology*, 26, 1–20.
- Trost, J. (1978). A renewed social institution: Non-marital cohabitation. *Acta Sociologica*, 21, 303–315.
- West, S., Taylor, A. og Wu, W. (2012). Model fit and model selection in structural equation modeling. Í R. H. Hoyle (ritstj.) *Handbook of structural equation modeling*. New York: Guilford Press.
- Willoughby, B.J. og Carroll, J.S. (2012). Correlates of attitudes toward cohabitation: Looking at the associations with demographics, relational attitudes, and dating behavior. *Journal of Family Issues*, 33, 1450–1476.
- Willoughby, B.J. og Dworkin, J. (2009). The relationship between emerging adults’ expressed desire to marry and frequency of participation in risk-taking behaviors. *Youth Society*, 40, 426–450.